Ed. **468. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um póstflutning í Skaftafellssýslum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir leitað álits aðalpóstmeistara um þetta mál og tekur hann þetta fram: »Jeg tel það mjög æskilegt, ef hægt væri að koma á póstsambandi milli skipa og lands í nefndum sýslum, án mjög mikils kostnaðar, en hvernig það getur orðið, er jeg eigi fær um að dæma að svo stöddu«.

Nefndin er því meðmælt, að tilraun verði gerð með póstflutning þann, er tillagan ræðir um, og mælir því með því, að þingsályktunartillagan verði samþykt.

Alþingi, 27. april 1923.

Jón Magnússon, form. Sigurður H. Kvaran, framsögum. Guðm. Guðfinnsson, fundaskr.